



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA

**25. ársþing SSNV,
haldið á Laugarbakka, 7. apríl 2017**

FUNDARGERÐ



**Ingibergur Guðmundsson
Davíð Jóhannsson**



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Dagskrá.....	3
Þingsetning, kjör þingforseta.....	4
Nefndir þingsins og fundarboðendur þeirra	4
Skýrsla stjórnar SSNV, ársreikningur og fjárhagsáætlun.....	4
Skýrsla stjórnar SSNV	4
Ársreikningur 2016	4
Fyrirspurnir og umræður um starfsskýrslu og ársreikning	5
Fulltrúatal	5
Tillögur og ályktanir lagðar fram	5
Afgreiðsla nefndarálita og ársreiknings.	6
Fjárhagsnefnd	6
Stjórnskipulagsnefnd.....	6
Allsherjarnefnd.....	7
Almennar umræður	7
Þingslit.....	7



Dagskrá

13:00 **Þingsetning:** *Stefán Vagn Stefánsson, formaður stjórnar SSNV* (Þ4)

Kosning þingforseta, varaforseta, tveggja ritara, tveggja vararitara (Þ4)

Kynning á nefndum þingsins:

Kjörnefnd (S4.3/Þ6) skipuð af stjórn

Þingforseti tilnefnir fundarboðendur:

Allsherjarnefnd (Þ7), Fjárhagsnefnd (Þ7) og Stjórnskipulagsnefnd (Þ7)

13:10 **Skýrsla stjórnar SSNV fyrir árið 2016:**

Stefán Vagn Stefánsson, formaður stjórnar SSNV

13:30 **Ársreikningur 2016: (S5.2)**

Björn Líndal Traustason, framkvæmdastjóri

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

14:00 **Tillögur lagðar fram – Nefndastörf**

Ársreikningur - **Fjárhagsnefnd**

Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda - **Fjárhagsnefnd**

Lagabreytingar – **Stjórnskipulagsnefnd**

Tillaga um samgöngu- og innviðanefnd - **Allsherjarnefnd**

14:40 **Afgreiðsla ársreiknings og annarra tillagna nefnda**

15:00 **Almennar umræður**

15:30 **Þinglok**

Áskilinn er réttur til breytinga á dagskrá (Þ3)



Pingsetning, kjör þingforseta

Stefán Vagn Stefánsson, formaður stjórnar SSNV, setti þingið og bauð þingfulltrúa og aðra gesti velkomna. Tilnefndi hann Júlíus Guðna Antonsson sem 1. þingforseta og Unni Valborgu Hilmarasdóttur sem 2. þingforseta. Þá lagði hann til að þingritarar væru Davíð Jóhannsson og Ingibergur Guðmundsson og varaþingritarar Magnús Bjarni Baldursson og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, starfsmenn SSNV.

Tillagan var samþykkt og tók þingforseti við stjórn þingsins.

Nefndir þingsins og fundarboðendur þeirra

Þingforseti kynnti nefndir þingsins og lagði til að eftirfarandi aðilar kölluðu nefndirnar saman:

Fjárhagsnefnd: Unnur Valborg Hilmarasdóttir, Húnaþingi vestra, kallar nefndina saman.

Stjórnskipulagsnefnd: Valgarður Hilmarsson, Blönduósi, kallar nefndina saman.

Allsherjarnefnd: Sigríður Svavarsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, kallar nefndina saman.

Tillagan var samþykkt.

Þá kynnti þingforseti skipan kjörnefndar sem skipuð er af stjórn eigi síðar en 1. mars ár hvert.

Kjörnefnd:

Þórdís Friðbjörnsdóttir, Sveitarfélagið Skagafjörður, formaður

Margeir Friðriksson, Sveitarfélagið Skagafjörður

Halldór G. Ólafsson, Sveitarfélagið Skagaströnd

Jóhanna Magnúsdóttir, Húnavatnshreppur

Elín Jóna Rósinberg, Húnaþingi vestra

Skýrsla stjórnar SSNV, ársreikningur og fjárhagsáætlun

Skýrsla stjórnar SSNV

Stefán Vagn Stefánsson, formaður stjórnar SSNV, flutti skýrslu SSNV fyrir árið 2016. Hann vísaði til greinargerðar í rafrænni ársskýrslu SSNV en dró fram nokkur áhersluatriði í máli sínu. Að lokum þakkaði Stefán Vagn samstarfsfólki sínu í stjórn fyrir samstarfið og starfsfólki SSNV fyrir störf sín.

Ávarp Stefáns Vagns er að finna á heimasíðu SSNV.

Ársreikningur 2016

Björn Líndal Traustason, framkvæmdastjóri SSNV, fór yfir ársreikning SSNV fyrir árið 2016:

Ársreikningur SSNV: Rekstrartekjur voru rúmar 202 m.kr., rekstrargjöld tæpar 185 m.kr. og fjármunatekjur 5,9 m.kr. Hagnaður varð því á rekstri að upphæð rúmar 23 m.kr. Eigið fé í árslok nam rúmum 100 m.kr.

Ársreikningurinn er aðgengilegur í ársskýrslu á heimasíðu SSNV.

Fyrir fundinum lá einnig greinargerð Endurskoðunarnefndar SSNV um ársreikninginn, skv. starfsreglum nefndarinnar. Greinargerð nefndarinnar er að finna á heimasíðu SSNV.



Fyrirspurnir og umræður um starfsskýrslu og ársreikning.

Til máls tóku: Steindór R. Haraldsson.

Þingforseti vísaði að svo búnu ársreikningi 2016 til fjárhagsnefndar.

Fulltrúatal

Þórdís Friðbjörnsdóttir, formaður kjörnefndar, fór yfir fulltrúatal þingsins. Rétt til fundarsetu með atkvæðisrétti eiga 29 fulltrúar og af þeim eru 23 mættir. Mættir fulltrúar eru:

Nafn	Sveitarfélag	Aðal/vara
Valgarður Hilmarsson	Blönduós	aðal
Hörður Ríkharðsson	Blönduós	aðal
Oddný María Gunnarsdóttir	Blönduós	aðal
Þorleifur Ingvarsson	Húnavatnshreppur	aðal
Jóhanna Magnúsdóttir	Húnavatnshreppur	aðal
Þóra Sverrisdóttir	Húnavatnshreppur	aðal
Elín R. Líndal	Húnaþing vestra	aðal
Ingimar Sigurðsson	Húnaþing vestra	aðal
Unnur Valborg Hilmarsdóttir	Húnaþing vestra	aðal
Sigurbjörg Jóhannesdóttir	Húnaþing vestra	aðal
Dagný R. Úlfarsdóttir	Skagabyggð	vara
Magnús Björnsson	Skagabyggð	vara
Stefán Vagn Stefánsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Sigríður Magnúsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Gísli Sigurðsson	Sv.fél. Skagafjörður	vara
Bjarki Tryggvason	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Sigríður Svavarsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Þórdís Friðbjörnsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Margeir Friðriksson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Bjarni Jónsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Adolf H. Berndsen	Sv.fél. Skagaströnd	aðal
Péturína L. Jakobsdóttir	Sv.fél. Skagaströnd	vara
Steindór Haraldsson	Sv.fél. Skagaströnd	vara

Tillögur og ályktanir lagðar fram

Fyrir þinginu lágu eftirfarandi tillögur sem sendar höfðu verið send út með fundarboði og vísaði þingforseti þeim til viðkomandi nefnda:

1. *Tillaga um breytingu á starfsreglum úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs*
2. *Tillaga um þóknun stjórnar og nefnda*
3. *Tillaga um samgöngu- og innviðanefnd*

Ekki bárust aðrar tillögur og hófust því nefndastörf kl. 14.10.



Að loknum nefndarfundum hófust fundarstörf aftur kl. 14:40.

Afgreiðsla nefndarálita og ársreiknings

Fjárhagsnefnd

Unnur Valborg Hilmarsdóttir gerði grein fyrir tillögum Fjárhagsnefndar.

25. ársþing SSNV, haldið á Laugarbakka 7. apríl 2017, samþykkir ársreikning SSNV fyrir árið 2016.

25. ársþing SSNV, haldið á Laugarbakka 7. apríl 2017, samþykkir eftirfarandi tillögu um þóknanir stjórnar og nefnda fyrir árið 2017.

- a) Laun formanns verði 6% af þingfararkaupi, nú 66.072 kr. á mánuði*
- b) Laun annarra stjórnarmanna verði 3% af þingfararkaupi, nú 33.036 kr. á mánuði*
- c) Laun fyrir stjórnarfundi og aðra fundi stjórnar og nefnda verði 2,5% af þingfararkaupi, nú 27.530 kr.*
- d) Laun formanna nefnda verði 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund í viðkomandi nefnd, nú 33.036 kr.*
- e) Hálf fæði verði greitt fyrir hvern fund stjórnar, samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins, nú 5.600 kr.*
- f) Akstur verði greiddur samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins um akstursgjald.*
- g) Annar ferðakostnaður vegna ferða á vegum SSNV verði greiddur samkvæmt reikningi.*

Til máls tóku: Þóra Sverrisdóttir og Björn Líndal.

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

Stjórnskipulagsnefnd

Valgarður Hilmarsson gerði grein fyrir tillögu Stjórnskipulagsnefndar.

25. ársþing SSNV, haldið á Laugarbakka 7. apríl 2017, samþykkir eftirfarandi breytingu á starfsreglum úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra:

Fyrsti liður hljóði svo:

- 1. Nefndin auglýsir árlega eftir umsóknum um styrki úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra samkvæmt verklags- og úthlutunarreglum sjóðsins að fengnu samþykki stjórnar SSNV.*

Tillagan var samþykkt samhljóða.



Allsherjarnefnd

Sigríður Svavarsdóttir gerði grein fyrir tillögu Allsherjarnefndar:

25. ársþing SSNV, haldið á Laugarbakka 7. apríl 2017, samþykkir að skipuð verði samgöngu- og innviðanefnd SSNV og að hvert aðildarsveitarfélag samtakanna tilnefni einn fulltrúa í nefndina. Hlutverk nefndarinnar er að vinna að upplýsingaöflun vegna samgönguáætlunar SSNV með starfsmönnum samtakanna.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Almennar umræður

Til máls tóku: Hörður Ríkharðsson og Stefán Vagn Stefánsson.

Þingslit

Valgarður Hilmarsson, Blönduósi, þakkaði fyrir ánægjulegt þing og bauð til næsta ársþings í A-Hún.

Júlíus Guðni Antonsson, þingforseti, þakkaði fyrir gott þing. Því næst gaf hann formanni SSNV orðið.

Stefán Vagn Stefánsson, formaður SSNV þakkaði þingfulltrúum fyrir góð störf, óskaði þeim góðrar heimferðar og sagði þinginu slitið.

Fundargerðina rituðu
Ingibergur Guðmundsson og Davíð Jóhannsson,
starfsmenn SSNV.